

Heydalir, 7. apríl 2005

Nefnadasvið Alþingis  
Landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Rvík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1235*  
*komudagur 8.4.2005*


Mér hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um gæðamat á æðardún, 670 mál, heildarlög. Frumvarpið felur í sér þrjár megin breytingar, að gæðamat gildi einnig um dreifingu dúnns innanlands, að Landbúnaðarráðuneyti skipi dúnmatismenn í stað lögreglustjóra og að matsbeiðandi beri kostnað af dúnmati, en í gildandi lögum er kveðið á um að útflytjandi greiði það.

Varðandi síðustu breytinguna, þá virðist gæta misræmis í túlkun greinargerðar með frumvarpinu og Fjármálaráðuneytis í fylgiskjali. Skilningur ráðuneytisins er, að framleiðendur greiði fyrir kostnað af dúnmatinu, en í greinargerðinni er tekið fram, að matsbeiðendur geti verið “æðardúnsbóndi/æðardúnsræktandi, hreinsunarstöð eða hver sá sem sér um dreifingu á æðardúni”. Hér þarf að staðfesta greinilega hvað felst í “matsbeiðandi” svo ekki komi upp óþarfa misskilningur. Ríkt hefur gott samkomulag í greininni um að söluaðili dúnns beri kostnað af dúnmatinu. Tryggja verður, að þessar boðuðu breytingar raski ekki þeirri skipan. Hér er t.d. opnað fyrir þann möguleika, að söluaðili geti krafist dúnsmats á framleiðslustað, en það gæti haft mikinn ferðakostnað í för með sér fyrir dúnmatismenn, sem framleiðendur yrðu að bera. Það er brýnt að kveðið sé skýrt á um það, hver matsbeiðandi er og beri að greiða fyrir kostnað af matinu.

Til þess að komast hjá mögulegum breytingum á viðkvæmum markaði og kostnaðarauka, þá væri skynsamlegra að matsbeiðandi yrði seljandi eða drefingaraðili dúnns. Það myndi einnig koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning og vandræði, eins og best sést af túlkun Fjármálaráðuneytis.

Treysta verður því, að þetta frumvarp feli ekki í sér kostnaðarauka fyrir æðarræktina.

Með vinsemd og virðingu



Gunnlaugur Stefánsson, Heydölum